

Nd.

682. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um það að leggja til, að frumvarpið um fjölgun dýralækna verði samþykkt. En frv. þetta gefur hinsvegar tilefni til, að það sé tekið til athugunar, hvort eigi geti með breytttri tilhögun notast betur að starfskröftum dýralækna þeirra, sem nú eru. Starfssvið þeirra er vitanlega að langsamlega mestu leyti í sveitunum, en þó eru dýralæknarnir allir búsettir í kaupstað. Væri það vissulega vel þess vert, að það væri tekið til athugunar, hvort eigi mundi notast betur að starfi þeirra með því að þeir væru búsettir á landsbyggðinni, þar sem þeir væru vel í sveit settir.

Þó óneitanlegt sé, að hjálp og leiðbeiningar dýralækna komi oft að liði þegar gripir veikjast eða slasast, þá er hinsvegar ekki á þeirra færi að ráða bót á þeim dýrasjúkdómum, sem gert hafa og gera enn mestan usla í sauðfjáreign manna og búnaðinum stafar nú mest hættu af, en það er lungnabólga í sauðfé, lungna- og garna-ormaveiki og hin svo kallaða Hvanneyrarveiki. Þessir sauðfjársjúkdómar allir, þó einkum tveir hinir fyrrnefndu, hafa gengið yfir sem faraldur í sumum héruðum landsins og valdið stórtjóni, svo sem kunnugt er. Hinn ötuli og merki visindamaður Niels P. Dungal, forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, rannsakaði til hlítar fyrir nokkrum árum þennan lungnabólguafaraldur, og tókst honum að finna sýkilinn og búa til bóluefni, sem reynt hefir öruggt við þeirri veiki.

Er það hin brýnasta nauðsyn, að undinn sé bráður bugur að því að rannsaka eðli og orsakir lungna- og garna-ormaveikinnar og hinnar svo kölluðu Hvanneyrarveiki og reynt sé til þrautar að finna ráð, sem duga við þessum kvillum, svo þeirri plágu, sem af þeim stafar, verði sem fyrst létt af landbúnaðinum. Til slíkrar rannsóknar eigum vér nú engan annan fullfæran mann en

Niels P. Dungal, og má ekki láta undir höfuð leggjast stundu lengur að styrkja aðstöðu hans sem bezt til þessara rannsókna og flýta fyrir því á allan hátt, að úr því fáið skorið, hvað helzt sé til ráða í þessu efni. Tel ég það miklu meira virði fyrir landbúnaðinn, að þetta verði gert, en þó dýralæknunum væri fjölgað.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin í fyrsta lagi athugi fyrir næsta Alþingi í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvort eigi muni notast betur að starfi dýralæknanna, ef þeir væru búsettir í sveit, og að hún í öðru lagi stuðli að því, að nú þegar verði hafin rannsókn á þeim húfjársjúkdómum, sem landbúnaðinum stafar nú mest hættu af, og að einskis verði látið ófreistað til að finna ráð, sem afstýrt geti þessum voða, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1933.

Pétur Ottesen.